

Mætt á fund: Kristín, Linda, Jóna, Gunnborg, Ellen, Sissa og Elli

Efni fundarins:

Skóladagatal:

- Farið yfir skóladagatalið og það útskýrt.
- Skóladagatal samþykkt.

Hjólabraut:

- Við erum að fá hjólabraut, bara spurning hvernig við viljum.
- Skólaráð fagnar þessari viðbót á skólalóðina.
- Flestir sammála um að þessi stóra hjartalaga sé málið.
- Allir búnir að fá þetta í tölvupósti og geta lesið sér meira til um þetta þar.

Skólareglur:

- Farið yfir endurskoðaðar skólareglur og þær ræddar.
- Kristín setur það inn á skólaráðsdrifið og hver og einn beðin um að skoða það heima.
- Er stungið uppá því að taka út regluna að taka ofan höfuðfat í matsalnum.
- Gunnborg benti á að það væri í lagi að benda þeim sem að eru með sítt hár, að hafa teygjur í hárinu í matsalnum.
- Að annaðhvort banna síma eða að leyfa hann í matsal, helst að banna hann og allt sem honum tengist, eins og t.d. heyrnatól.
- Kristín setur þetta á hópdrifið og þau beðin að skoða og koma með athugasemdir.

Annað:

- Loftgæðamál, Kristín sagði frá því að það sé verið að skoða þessi mál, sérstaklega í tveim stofum sem að ekki eru tengdar lofræstikerfi skólans. Það er verið að fara að setja upp loftskiptibúnað í þessar tvær stofur. Kristín sagði frá vangaveltum um myglu, sem virðist ekki vera. Er verið að skoða þetta allt saman.
- Aðrar húsnæðisframkvæmdir, mikið búið að tala um hávaða og bergmál í raungreinastofu. Kristín segir frá því að það séu komnar plötur í loftið sem að dempi hljóðið. Það eiga að koma eins plötur í myndlistastofuna, matsalinn og jafnvel ganginn fyrir framan raungreinastofuna og þar.
- Nemendur tala um að það væri gott að hafa svona kósýhor, púða og teppi og þess háttar. Vantar stað til að vera á til að hanga, sakna Stapa.
- Nemandi nefnir hvort að ekki væri hægt að hafa sjoppu á unglíngastigi, selja þá eitthvað hollt sem fjáröflun fyrir ferðalagið.
- Næsti vetur, mannabreytingar. Þuríður er að fara í námsleyfi, Linda Rós verður námsráðgjafi næsta vetur. Kristín segir frá því að hún sótti um stöðu skólastjóra í Giljaskóla.
- Kristín segir frá því að Hrafnhildur sé að hætta og hvað hún sé að fara að gera.
- Magnþór hætti í vor vegna aldurs.

Við skiluðum 4 milljón króna afgangi á síðasta ári.

Kristín sagði frá því að búið væri að panta stól og borða í matsal og að þau væru á leiðinni.

Fundi slitið 15:20.

Ritari - Sissa.